

Föstudaginn 4. marz 1960.

Nr. 86/1959. **Ákærvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
 gegn
Marteini Magnússyni Skaftfells
 (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Theodór B. Lindal.**

Brot á umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Er atvik þau gerðust, sem mál þetta er af risið, voru lög-
 reglumennirnir Arnþór Ingólfsson og Þorvarður Trausti Eyj-
 ólfsson á leið austur Hringbraut í Reykjavík í lögreglubif-
 reiðinni R 4010, og stjórnaði Þorvarður Trausti þeirri bif-
 reið. Ákærði ók hins vegar bifreið sinni R 9797 suður Tjarn-
 argötu. Samkvæmt skýrslum málsins virðist bifreiðum þess-
 um hafa verið ekið með svipuðum hraða og eigi yfir 30—
 35 km, miðað við klukkustund. Bar bifreiðarnar samtímis
 að mótum nefndra gatna, og voru samkvæmt eiðfestu vætti
 lögreglumannanna aðeins um 10 metrar á milli þeirra, er
 ákærði ók í veg fyrir lögreglubifreiðina inn á Hringbraut,
 sem er aðalbraut. Með því að hemla lögreglubifreiðina af
 skyndingu varð árekstri afstýrt, en ákærði ók austur Hring-
 braut, eins og í héraðsdómi greinir, án þess að sinna stöðv-
 unarmerkjum lögreglumannanna, sem veittu honum eftirför.

Eigi er í ljós leitt, að stöðvunarmerki, sbr. 4. mgr. 48. gr.
 umferðarlaga nr. 26/1958, hafi á þeim tíma, er hér skiptir
 máli, verið við Hringbraut á mótum hennar og Tjarnargötu.
 Verður ákærði því eigi talinn hafa brotið gegn greindu
 ákvæði. Að öðru leyti hefur héraðsdómari fært háttsemi
 ákærða til réttra refsíákvæða.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðs-
 dóminn, að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði
 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Í varnarskjali sínu fyrir héraðsdómi hefur ákærði gerzt sekur um óviðurkvæmileg ummæli. Segir þar m. a. um Arnþór lögreglumann Ingólfsson.

„Augljóst er, að viðkomandi lögregluþjónn er reiðubúinn, ef í hart slær, að hagræða framburði sínum sér í vil og vinna eið að, vitandi, að eiður lögreglumanns er mjög þungur á metunum. Hér er misræmið í framburði hans svo glögg, að eiðurinn vottar litla virðingu hans fyrir staðreyndum“.

Þá lúta eftirfarandi ummæli að lögreglumönnum Arnþóri Ingólfssyni og Þorvarði Trausta Eyjólfssyni sameiginlega:

„Hver hefði svo borið ábyrgðina, ef kærendur með glæfraakstri sínum hefðu orðið valdir að árekstri, tjóni á báðum bílum og ef til vill slysum?“

Leikur á því nokkur vafi, að þeir hefðu reynt að ýta sökinni á mig? Hefðu þeir ekki verið fúsir til að hvítþvo sig af allri ábyrgð með eiði?“

Þessi meinyrði hafa ekki verið réttlætt. Eiga þau að vera dauð og ómerk. Þá ber og samkvæmt 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951 að dæma ákærða fyrir ummæli þessi réttarfarssekt til ríkissjóðs, kr. 400.00, og komi varðhald 3 daga í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Ákærði, Marteinn Magnússon Skaftfells, greiði í ríkissjóð réttarfarssekt, kr. 400.00, og komi varðhald 3 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Reynis Péturssonar og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1959.

Ár 1959, föstudaginn 20. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 918/1959: Ákærvaldið gegn Marteini M. Skaftfells, sem dómtekið var 9. þessa mánaðar.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra með ákæruskjali, dagsettu 10. desember 1958, gegn ákærða Marteini Magnússyni Skaftfells kennara „fyrir umferðarbrot skv. umferðarlögum nr. 26/1958, 26. gr., 1. mgr., 37. gr., 1. mgr., 38. gr., 1. mgr. og 3. mgr., 48. gr., 3. og 4. mgr., 49. gr., 3. mgr. c-lið, sbr. 80. gr.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði með því: að stöðva ekki bílinn R 9797 við gatnamót Tjarnargötu og Hringbrautar kl. 16.32, 6. ágúst s.l., áður en hann ók út á Hringbraut, eða gæta ítrustu varúðar, heldur aka viðstöðulaust og óvarlega út í nefnda götu og síðan að sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglubíls og lögreglumanna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, Marteininn Magnússon Skaftfells, er fæddur hinn 14. ágúst 1903 að Auðnum. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

- | | | |
|------|------|---|
| 1926 | 9/8 | Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot á 255. gr. hegnl. |
| 1929 | 4/6 | Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða. |
| 1931 | | Undir gjaldeyrisrannsókn. F. n. |
| 1953 | 30/7 | Kærður fyrir meint hegnl.brot. F. n. skv. bréfi dómsmrn. |
| 1957 | 6/9 | Dómur: 500 kr. sekt fyrir ólöglega lyfjasölu o. fl. (v/Náttúrulækn.fél.). |

Málavextir eru þeir, að Arnþór Ingólfsson lögregluþjónn kærði ákærða hinn 6. ágúst s.l. fyrir að hafa ekið bifreið sinni R 9797

úr Tjarnargötu inn á Hringbraut í veg fyrir lögreglubifreiðina R 4010, er ók um Hringbraut, sem er aðalbraut.

Enn fremur kærði lögregluþjónninn ákærða fyrir að hafa eigi sinnt stöðvunarmerkjum, er þeir lögregluþjónarnir vildu stöðva bifreið ákærða.

Ákærði hefur mótmælt framkominni kæru sem rangri. Telur hann sig hafa haft nægan tíma til að aka inn á aðalbrautina án þess að hindra umferð þar. Áætla ákærði, að lögreglubifreiðin hafi átt eftir 4—5 billengdir sínar að gatnamótum Hringbrautar og Tjarnargötu, er hann ók úr Tjarnargötu inn á Hringbraut. Þá kveðst ákærði ekki hafa orðið var við stöðvunarmerki frá lögreglubílnum, en hafi hins vegar stoppað bíl sinn, er lögreglubíllinn ók fram fyrir og í veg fyrir bíl sinn. Ákærði kveðst hafa heyrt vel í „sírenu“ lögreglubifreiðarinnar, hafi hann þá vikið vel út á sinn vinstri vegarhelming, en haldið eðlilegum hraða, þar eð hann taldi, að um framúrakstur væri að ræða, enda þótt lögreglubifreiðin æki með sírenuhljóðmerki ca 30—40 metra eða meira, samsíða bifreið ákærða.

Vitnið Arnþór Ingólfsson lögregluþjónn, sem sat við hlið öku-manns lögreglubifreiðarinnar, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að er þeir lögreglumenn óku eftir Hringbraut og voru komnir að gatnamótum Hringbrautar og Tjarnargötu, þá hafi bifreið ákærða skyndilega verið ekið út í Hringbrautina, og hafi þá öku-maður lögreglubifreiðarinnar snögghemlað, þannig að lögreglubifreiðin stoppaði, að öðrum kosti, segir vitnið, að árekstur hefði hlotizt af. Vitnið telur, að ca 2 lengdir lögreglubifreiðarinnar hafi verið á milli bifreiðanna, er ákærði ók inn í Hringbrautina. Þá segir vitnið, að ekki hafi tekizt að stöðva bifreið ákærða, fyrr en raun varð á, þar eð ákærði virtist ekki gefa sírenuhljóðmerkinu né bendingum vitnisins Trausta Eyjólfssonar gaum.

Vitnið Trausti Eyjólfsson lögregluþjónn, er ók lögreglubifreiðinni R4010 í umrætt sinn, segir sig hafa snarhemlað lögreglubifreiðinni R 4010 við gatnamót Hringbrautar og Tjarnargötu til að forða yfirvofandi árekstri við bifreið ákærða R 9797, er kom akandi úr Tjarnargötu inn á Hringbrautina. Segir vitnið, að bilið milli bifreiðanna hafi verið í mesta lagi 2 lengdir lögreglubifreiðarinnar (ca 10 metrar), er ákærði ók hiklaust út í Hringbrautina. Þá segir vitnið einnig, að ekki hafi verið unnt að stöðva bifreið ákærða fyrr en móts við Þorfinnshólma í Tjarnargarðinum, þrátt fyrir það, að lögreglubifreiðin hafði ekið samsíða bifreið ákærða með „sírenu“hljóðmerki fleiri tugi metra og vitnið hafi gefið

ökumanni stöðvunarmerki með útréttri hendi, en vitnið sat vinstra megin í lögreglubifreiðinni. Var bifreið ákærða ekki stöðvuð, fyrr en löggæzlubifreiðin ók fram fyrir bifreið ákærða og sveigði inn á hans vegarhelming.

Bæði hin framangreindu vitni hafa staðfest framburði sína með eiði.

Samkvæmt framburðum vitnanna, sem eru í öllum meginatriðum samhljóða, þykir sannað, þrátt fyrir mótmæli ákærða, að hann hafi ekið óvarlega inn á aðalbrautina umrætt sinn. Einnig þykir ákærði ekki hafa sýnt fulla aðgát við aksturinn, þar eð hann veitti ekki stöðvunarmerki vitnisins Trausta Eyjólfssonar athygli, þrátt fyrir það, að lögreglubifreiðinni með „sírenu“-hljóðmerki var ekið tugum metra meðfram bifreið ákærða.

Þykir ákærði með framangreindu atferli sínu hafa gerzt sekur um brot þau, er í ákæruskjali greinir og að framan eru rakin.

Hæfileg refsing ákærða telst 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Marteinn Magnússon Skaftfells, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.